

Deilurnar og djúpið.



Eins og við er að búast um fiskibæ og sjómanna, eins og Reykjavík, þá mun ekki um annað meir talað hér almennra málá nú, en kaupdeiluna. Munu þess flestir hvetjandi, að sættir geti orðið sem fyrst. Og ef menn eru fljótir að sættast, gæti þetta enn orðið hámarksár að afla, en lágmarks að slysum. Ófriðurinn í þjóðfélagi voru er til muna geigvænlegrí en flestum mun í fljótu bragði virðast, og kemur þar til, að það riður svo afarmikið á því að ekki sé tafið fyrir breytingu þeirri til batnaðar, sem nú er hér að verða á svo eftirtektarverðan hátt.

II.

Mér hafa komið i hug stundum í sambandi við þessi mál, orð **Þorsteins Erlingssonar** um logann i djúpinu. Og einnig í sambandi við þessa nýstárlegu jarðskjálfta, sem einnig hefir orðið vart nokkuð hér í bæ, og Porkell Porkelsson hyggur muni stafa af gufuumbrotum undir Henglinum, eða þar nálægt. Þykir mér þetta sérstaklega frölegt vegna þess hvé vel það kemur heim við minar skoðanir. Hefir mér virst liklegt, að einmitt á þessum slóðum væri í aðsigi eldgos. Mættum vér þess óska, að þar fær ekki fljótt að, því að slikir atburðir svo

nálægt, gætu orðið hýsna óþarfir Reykjavík og nærsveitunum. Og satt að segja, þá hafði eg ekki haldið að hættan væri líkt því eins yfirvofandi og nú virðist. En það er eins og jörðin öll stynji undir átökunum sem verið er að gera til þess að bæta hagmannkynsins og koma því á rétta leið, og ekki getur orðið rétt við komið, nema hér sé rétt að verið til móts. En þó er eins og þeirri viðleitni hafi orðið meira ágengt hér en viðast hvar annars staðar, og mun valda að hér hefir verið minna um stórglaipi og manndráp en í öðrum löndum, en meiri möguleikar til þeirrar frjálsu hugsunar, sem svo nauðsynleg er í þessum esnum. Og riður nú á, að ekki sé þessu spilt með ósátt og auknu hatri. En ef sættir takast og sáttfýsi vex, ef oss auðnast í þessu þjóðfélagi að sækja með mun meiri samhuga fram í rétta átt, þá munum vér geta orðið stuðnings að-njólandi frá heim öflum, sem ráða jafnvæl við eldgos og jarðskjálfta. Og engin ástæða verður þá til að óttast þann halla, sem sunir telja að leiða mundi af kauphækkun slikri sem farið er fram á.

26. jan.

Vis 28 jan 27 Helgi Pjeturss.